

10. MAÍ 2022



SKAFTÁRHREPPUR
ÚTTETKARSKÝRSLA - VOTTUNARÚTTEKT
ÍST 85:2012

ÚTTEKTARSTJÓRI: JÓN KARLSSON

ICERT EHF.

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Samantekt

Úttektarskýrsla þessi varðar vottunarúttekt hjá

Skaftárhreppur

Kt. 4806902069
Klausturvegur 10
880 Kirkjubæjarklaustur

Vegna vottunar iCert á jafnlaunakerfi sem Skaftárhreppur (hér eftir SHR) hefur innleitt í starfsemi sveitarfélagsins

| | |
|----------------------|---|
| Tengiliður: | Karl Antonsson, fjármála- og skrifstofustjóri, karl@klaustur.is – 858 7657 |
| Reikningar berist: | karl@klaustur.is |
| Úttektarstjóri: | Jón Karlsson S: 847-8799 email:jon@iCert.is |
| Tæknilegur sérfr. | |
| Tilvísunarnúmer: | iCe191210_JK |
| Vinnusvæði vottunar: | https://jofnlaun.sharepoint.com/sites/handbok/vi%C3%B0skiptavinir/skarfárhreppur/SSV |
| Aðilar með aðgang: | Karl Antonsson, fjármálastjóri. |
| Staða vottunar: | Í vottunarferli |

Helstu upplýsingar um SHR:

| | |
|---|--|
| Fjöldi starfa: | 23 störf |
| Fjöldi starfsmanna: | 49 |
| Fjöldi karla: | 11 |
| Fjöldi kvenna: | 38 |
| Fjöldi annað: | 0 |
| Fjöldi með aðkomu að framkv. jafnlaunakerfis: | Sveitarstjóri, fjármálastjóri og forstöðumenn. |

| | |
|---|--|
| Eigendur og/eða yfirstjórn: | SHR er sveitarfélag sem starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjóri er Sandra Brá Jóhannsdóttir. |
| Aðilar sem koma að launaákvörðunum: | Sveitarstjóri, fjármála- og skrifstofustjóri og forstöðumenn. |
| Verkfæri til framkvæmdar launagreiningar: | Ráður ehf. framkvæmdi aðhvarfsgreiningu. |
| Gildissvið vottunar: | Allir starfsmenn SHR. |
| Fjöldi og heimilisföng starfsstöðva: | Aðalskrifstofur SHR eru að Klausturvegi 4 í Kirkjubæjarklaustri. Að auki er rekin grunn- og leikskóli, tónlistarskóli, héraðsbókasafn og íþróttamiðstöð af sveitarfélaginu svo fátt eitt sé nefnt. |
| Viðeigandi lög sem eiga við um kerfi: | Öll þau lög, reglugerðir, kjarasamningar o.fl. sem tilgreind eru í jafnlaunakerfi SHR. |

| | |
|------------------------------|--|
| Kjarasamningar: | Allir þeir kjarasamningar sem tilgreindir eru í jafnlaunakerfi SHR. |
| Ábyrgðaraðili kerfis: | Karl Antonsson. |
| Ráðgjafi vegna innleiðingar: | Marta Karlsdóttir. |
| Um SHR: | <p>Skaftárhreppur er einn af landstærstu hreppum Íslands. Flestir búa í dreifbýli. Íbúar í Skaftárhreppi voru 625 1. janúar 2021. Aðalatvinnuvegir eru landbúnaður og ferðaþjónusta. Veðursæld er í Skaftárhreppi þar sem vetur eru mildir og sumur hlý. Margar náttúruperlur eru í hreppnum s.s. Landbrotshólarnir, Dverghamrar og Fjaðrárgljúfur. Hluti Skaftárhrepps er á Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem eru Lakagígar, Eldgjá og Langisjór.</p> <p>Skaftárhreppur er austurhluti Vestur Skaftafellssýslu og nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi austur á Skeiðarársand, frá fjöru í suðri og inn að Tungná í norðri. Hreppurinn dregur nafn sitt af ánni Skaftá, sem á aðalupptök sín undir Skaftárjökli. Skaftárhreppur var stofnaður 1990 þegar sameinuðust fimm hreppar; Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallahreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur.</p> <p>Kirkjubæjarklaustur er eina þéttbýlið í Skaftárhreppi. (texti: www.klaustur.is)</p> |

Vottunarúttekt

Samantekt

SHR sótti um að fá jafnlaunakerfi sveitarfélagsins vottað með beiðni og gerður var samningur þar um sem undirritaður var rafrænt og er afrit vistað á sameiginlegu vinnusvæði.

Um vottunarúttekt

Vottunarúttekt fór fram dagana 20. og 22.4.2022 í gegnum fjarfundarbúnað. Í vottunarúttekt var farið yfir framkvæmd kerfisins m.t.t. krafna staðalsins ÍST 85:2012 og innri krafna kerfisins. Eftir úttekt voru tiltekin skjöl rýnd frekar á skrifstofu iCert.

Fjármála- og skrifstofustjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi SHR.

Farið var yfir víðan völl í vottunarúttekt varðandi innleiðingu og rekstur jafnlaunakerfis og rætt við æðstu stjórnendur sveitarfélagsins. Farið var yfir launagreiningu, sem framkvæmd var af ráðgjafa sveitarfélagsins. Samkvæmt niðurstöðum hennar mælist kynbundinn launamunur innan SHR 1,17%, körlum í vil þegar litið er til reglulegra mánaðarlauna starfsfólks. Farið var yfir greiningu útlaga og er þeirri vinnu lokið af hálfu SHR. Niðurstaða launagreiningarinnar hefur verið kynnt starfsfólki sveitarfélagsins.

Innri úttekt á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins var framkvæmd af ráðgjafa SHR þann 15.2.2022. Í vottunarúttekt var farið yfir ítarlega skýrslu innri úttektaraðila.

Farið var yfir mat á hlífingu, sem framkvæmt var þann 20.8.2021.

Rýni stjórnenda fór fram þann 3.3.2022. Framkvæmdin var í samræmi við verklagsreglu og var farið yfir fundargerð rýnnar í vottunarúttekt.

Niðurstaða úttektarstjóra, að lokinni vottunarúttekt, er að jafnlaunakerfi SHR uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Úttektarstjóri mælir því með að veitt verði vottun á jafnlaunakerfi SHR innan hins tilgreinda gildissviðs, „allir starfsmenn SHR“.

1. Tímasetning úttektar

Dagana 20. og 22.4.2022 fór fram vottunarúttekt á jafnlaunakerfi SHR.

2. Þátttakendur

Úttektarstjóri iCert:

- Jón Karlsson, úttektarstjóri.

Af hálfu SHR tóku þátt:

- Karl Antonsson, fjármála- og skrifstofustjóri.
- Marta Karlsdóttir, ráðgjafi
- Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

3. Úttektarviðmið:

Í vottunarúttekt eru úttektarviðmið kröfur staðalsins ÍST 85:2012 – Jafnlaunakerfi og eigin kröfur jafnlaunakerfis SHR.

4. Úttektarmarkmið

Úttektarmarkmið vottunarúttektar eru eftirfarandi:

- Markmið vottunarúttektar er að leggja mat á hlífni innleiðingar, framkvæmdar og reksturs jafnlaunakerfisins við kröfur sem gerðar eru til jafnlaunakerfa samkvæmt ÍST 85:2012.
- Meta skilvirkni kerfisins.
- Meta árangur vöktunar og mælinga, skýrslugjafar um lykilmarkmið kerfisins.
- Getu kerfisins til þess að stuðla að því að hlíta stjórnvaldskröfum.
- Leggja mat á eftirlit með helstu framkvæmdarferlum.
- Rýna innri úttektir, árangur rýni stjórnenda og leggja mat á vilja stjórnenda til þess að taka ábyrgð á stefnum og framkvæmd kerfisins.

5. Umfang úttektar

Innleiðing, rekstur og viðhald jafnlaunakerfis SHR.

6. Deildir/svið sem úttekt tekur til

Líkt og fram kemur í gögnum málsins lýtur umfang jafnlaunakerfisins að öllum starfsmönnum SHR, sem eru 49 talsins. Vottunaraðgerðir iCert snúa því að allri starfsemi SHR.

Úttektaraðgerðir, -aðferðir og vottunarferli iCert er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til faggiltra vottunaraðila samkvæmt alþjóðlegum kröfum staðalsins ISO 17021-1:2015 *Samræmismat – kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa*.

7. Frávik frá úttektarskipulagi eða atriði sem hafa áhrif á úttektaráætlun

Áætlaður úttektartími í vottunarúttekt var einn og hálfur dagur en eftir úttekt fór frekari rýni fram á framlögð gögn á sameiginlegt svæði og úttektarskýrsla gerð.

8. Breytingar á stjórnunarkerfi frá síðustu úttekt

Ekki hafa verið gerðar efnislegar breytingar á jafnlaunakerfi SHR frá síðustu úttekt.

9. Óleyst vandamál, frávik eða athugasemdir frá síðustu úttekt

Í forúttekt, sem fór fram þann 24.1.2022, voru ekki borin kennsl á ósamræmi við kröfur ÍST 85:2012.

10. Samantekt um skjalfestar upplýsingar

Kafli 4.4.4 í staðlinum fjallar um skjalfestingu en þar segir:

“Skjalfesting jafnlaunakerfisins skal fela í sér:

- a) Jafnlaunastefnu og markmið.
- b) Lýsingu á umfangi jafnlaunakerfisins.
- c) Lýsingu á meginþáttum jafnlaunakerfisins og hvernig þeir virka saman ásamt vísan til tengdra skjala.
- d) Launamyndunarkerfi fyrirtækis, þ.m.t. viðmið sem ákvarðanir um laun og kjör byggja á, m.a. viðmið er varða hæfni og árangur ef slíkt á við.
- e) Allar ákvarðanir um laun og kjör ásamt gögnum sem þær byggja á þ.m.t. flokkun starfa, starfslýsingar og heimildir um mat á einstaka störfum eða starfsmönnum eftir því sem við á, sem og breytingar á launum einstakra starfsmanna eða hópa starfsmanna í kjölfar úttekta.
- f) Launagreiningar sem fyrirtækið gerir á launum og launaþróun starfsmanna eða hópa starfsmanna.
- g) Allar skrár sem krafist er í þessum staðli.
- h) Skrár sem fyrirtækið ákvarðar að séu nauðsynlegar til að tryggja virka skipulagningu, starfrækslu og stýringu ferla sem tengdir eru jafnlaunakerfi þess.”

Samkvæmt kröfum staðalsins ÍST 85:2012 eru tilgreindar þær skjalfestu upplýsingar sem skulu vera hluti af jafnlaunakerfi. Eftirfarandi eru skjalfestar upplýsingar sem tilgreindar eru í staðlinum sem og mat úttektarstjóra á tilvist þeirra, sbr. þó 11. kafli.

| Tilvísun staðall | Tegund | Skjöl | Til staðar? |
|------------------|----------------|---|-----------------|
| 4.1 | Jafnlaunakerfi | Jafnlaunakerfi | Já |
| 4.1 | Skjal | Umfang jafnlaunakerfis | Já |
| 4.2 | Stefna | Jafnlaunastefna | Já |
| 4.3.1 | Verklagsregla | Viðmið sem liggja til grundvallar flokkun starfa. | Já |
| 4.3.1 | Verklagsregla | Flokkun starfa samkvæmt viðmiðum | Já |
| 4.3.1 | Verklagsregla | Ákvörðun launa og kjara á grundvelli viðmiða | Já |
| 4.3.1 | Verklagsregla | Ákvörðun hvernig umbunað er fyrir einstaklingsbundna og hópbundna þætti | Já |
| 4.3.2 | Verklagsregla | Auðkenning á lagalegum og öðrum kröfum | Já |
| 4.3.2 | Verklagsregla | Ákvörðun um hvernig kröfur eiga við um fyrirtæki | Já |
| 4.3.3 | Markmið | Jafnlaunamarkmið | Já |
| 4.3.3 | Áætlun | Ábyrgðarskipting innan fyrirtækis m.t.t. markmiða | Já |
| 4.3.3 | Áætlun | Leiðir að markmiðum og tímasetning | Já |
| 4.4.1 | Skrá | Hlutverk, ábyrgð og vald | Já |
| 4.4.2 | Skrá | Hæfniskröfur | Já |
| 4.4.2 | Skrá | Þjálfunarskrá | Já |
| 4.4.3 | Verklagsregla | Samskipti og upplýsingamiðlun | Já |
| 4.4.4 | Skjal | Lýsing á meginþáttum kerfisins og samvirkni | Já |
| 4.4.4 | Skjal | Launamyndunarkerfi | Já |
| 4.4.4 | Skrá | Launaákvarðanir | Já ¹ |
| 4.4.4 | Skrá | Gögn vegna launaákvarðana | Já ¹ |
| 4.4.4 | Skrá | Launagreiningar | Já |
| 4.4.5 | Verklagsregla | Skjalastýring | Já |
| 4.5.1 | Verklagsregla | Launagreiningar | Já |
| 4.5.2 | Verklagsregla | Mat á hlítinu | Já |
| 4.5.2 | Skrá | Niðurstöður mats á hlítinu | Já |
| 4.5.3 | Verklagsregla | Viðbrögð við frávikum | Já |
| 4.5.3 | Skrá | Niðurstöður úrbóta- og forvarnaaðgerða | Já |
| 4.5.3 | Skrá | Rýni á virkni úrbóta og forvarna | Já |
| 4.5.4 | Verklagsregla | Skráastýring | Já |
| 4.5.5 | Áætlun | Úttektaráætlun fyrir innri úttektir | Já |
| 4.5.5 | Verklagsregla | Innri úttektir | Já |
| 4.5.5 | Skrá | Skýrslur innri úttekta | Já |
| 4.5.5 | Skrá | Val á úttektaraðila | Já |
| 4.6 | Skrá | Rýni stjórnenda | Já |

11. Atriði þar sem kröfur eru ekki uppfylltar (ósamræmi)

Líkt og áður hefur komið fram fór vottunarúttekt á jafnlaunakerfi SHR fram dagana 20. og 22.4.2022. Í þeirri framkvæmd, sem tekin var út í vottunarúttektinni, voru ekki borin kennsl á ósamræmi við kröfur ÍST 85:2012 eða verklagsreglur SHR.

¹ Lífið hefur reynt á framkvæmd

12. Athuganir, tækifæri til umbóta og ábendingar

Úttektarteymi bar kennsl á svið sem má bæta til þess að bæta skilvirkni kerfisins. Það er ekki nauðsynlegt að bregðast við tækifærum til umbóta en þau eru að mati úttektarteymis til þess fallin að bæta skilvirkni og árangur jafnlaunakerfisins.

| | |
|--|--|
| Tækifæri til umbóta | Vottunarúttekt |
| 4.3.1 Jafnlaunaviðmið | Fram kom í vottunarúttekt að vinna við samræmingu starfslýsinga innan sveitarfélagsins stæði yfir. Úttektarstjóri mun fylgja þeirri vinnu eftir í fyrri viðhaldsúttekt. |
| 4.3.3 Markmið og áætlanir | Jafnréttisáætlun tekur á öðrum þáttum en launajafnrétti. Jafnlaunakerfi er stjórnunarkerfi sem nota má í viðtækari skilningi en aðeins til að ná fram launajafnrétti. Þar má einkum líta til annarra þátta jafnréttisáætlunar. Í vottunarúttekt var rætt um jafnlaunamarkmið SHR. Huga mætti að samræmi milli markmiða Jafnréttisáætlunar, er snúa að launajafnrétti, og skráðum jafnlaunamarkmiðum SHR. |
| 4.5.1 Vöktun og mæling | Eins og greinir í <i>handbók um aðhvarfsgreiningar</i> á fræðsluvef iCert um jafnlaunavottun eru ýmis atriði sem ber að gæta að í aðhvarfsgreiningu. Með frekari myndrænni framsetningu launasetningar m.t.t. einstaka viðmiða og gæðaprófun má auka traust á launagreiningum og sjá betur hvernig þau jafnlaunaviðmið hafa raunverulega áhrif til launasetningar einstaka starfsmanna. Á innri vef iCert hefur SHR aðgang að verkfæri til framkvæmdar launagreiningar sem er einfalt í notkun. |
| 4.5.3 Frábrigði, úrbætur og forvarnir | Hafa mætti í huga hvernig frábrigði úr launagreiningu eru skjalfest. Úttektarstjóri mun fylgja því eftir í fyrri viðhaldsúttekt. |

13. Ályktun úttektarstjóra

Það er niðurstaða úttektarstjóra iCert, að lokinni vottunarúttekt, að SHR hafi útfært jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012 framkvæmd þess er í samræmi við innri kröfur þess og krafna staðalsins. Vissulega stendur innleiðing kerfisins enn yfir sem skýrir að lífið hefur reynt á tiltekna framkvæmdarferla.

Í vottunarúttekt var farið yfir framkvæmd jafnlaunakerfis SHR með tilliti til krafna ÍST 85:2012 og innri krafna jafnlaunakerfisins. Árangur vöktunar virðist vera jákvæður sem og skýrslugjöf og yfirferð á lykilmarkmiðum. Innri úttekt hefur verið framkvæmd og rýni stjórnenda hefur farið fram þar sem nauðsynlegar ákvarðanir voru teknar en samt að teknu tilliti til þroska kerfisins.

Í vottunarúttekt var rætt við æðstu stjórnendur SHR. Með hliðsjón af niðurstöðum inni úttektar og rýni stjórnenda, sem og samtölum úttektarteymis við stjórnendur í vottunarúttekt, er það mat úttektarstjóra að vilji sé hjá stjórnendum SHR til að taka ábyrgð á jafnlaunakerfinu í heild sinni og framkvæmd þess og stuðla að stöðugum umbótum kerfisins.

Niðurstaða úttektarstjóra iCert er að jafnlaunakerfi SHR uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Úttektarstjóri mælir með að veitt verði vottun á jafnlaunakerfi SHR, innan hins tilgreinda gildissviðs, „allir starfsmenn SHR“.

Úttektarstjóri mælir með að framkvæmd verði ein viðhaldsúttekt á komandi úttektarári í samræmi við úttektaráætlun. Lagt er til að úttektin fari fram **4.4.2023**. Áhersluatriði í viðhaldsúttekt verða þeir ferlar sem lífið hefur reynt á auk þeirra atriða sem tilgreind eru í endurskoðaðri úttektaráætlun sem er að finna í viðauka.

14. Styrkleikar

Að mati úttektarstjóra er mikill vilji og metnaður meðal æðstu stjórnenda SHR til þess að nýta jafnlaunakerfið til að ná árangri. Útfærsla og sú framkvæmd sem komin er á jafnlaunakerfi SHR er með miklum ágætum þó vissulega eigi kerfið eftir að þroskast og þróast.

15. Næstu skref

Vottunarnefnd tekur ákvörðun um vottun með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir og upplýsir SHR um ákvörðun þegar hún liggur fyrir.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1030/2017 með síðari breytingum verður Jafnréttisstofu send úttektarskýrsla vottunarúttektar ásamt afriti af vottunarskírteini þegar og ef vottun verður veitt.

Viðauki 1 – Endurskoðuð úttektaráætlun

| Úttektaráætlun | FÚ | VÚ | VÍÚ 1. ár | VÍÚ 2. ár | Athugasemdir |
|--|---------|---------------|-----------|-----------|--------------|
| Tilv.nr.: iCe191210_JK Fyrirtæki/stofnun: SHR Úttektarviðmið: Kröfur ÍST 85:2012 og innri kröfur jafnlaunakerfis Umfang úttekta: Öll starfssemi | | | | | |
| Úttekt fyrirhuguð Dags. | 24/1/22 | 20 og 22/4/22 | 4/4/23 | x/x/24 | |
| Úttektarstjóri: | JK | JK | JK | JK | |
| Áætlaður úttektartími (dagar): | 1 | 1,5 | 1 | 1 | |
| Rauntími úttektar: | 1 | 1,5 | | | |
| 2. Forsendur | | | | | |
| Launastefna | S X | S X | - | | |
| Samþykkt jafnréttisáætlun | S X | S X | - | | |
| Framkvæmd launagreiðingar | S E | S X | S | | |
| 4. Kröfur til stjórnunar jafnlaunakerfis | | | | | |
| 4.1 Almennar kröfur | S X | S X | S | | |
| 4.2 Jafnlaunastefna | S X | S X | S | | |
| 4.3 Skipulagning | | | | | |
| 4.3.1 Jafnlaunaviðmið | S X | S X | S | | |
| 4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur | S X | S X | - | | |
| 4.3.3 Markmið og áætlanir | S X | S X | - | | |
| 4.4 Innleiðing og starfræksla | | | | | |
| 4.4.1 Hlutverk, ábyrgð og völd | S X | S X | - | | |
| 4.4.2 Hæfni, þjálfun og vitund | S X | S X | - | | |
| 4.4.3 Samskipti | S X | S X | S | | |
| 4.4.4 Skjalfesting | S X | S X | S | | |
| 4.4.5 Skjalastýring | S X | S X | - | | |
| 4.5 Gátun | | | | | |
| 4.5.1 Vöktun og mæling | S X | S X | S | | |
| 4.5.2 Mat á hlífingu | S X | S X | S | | |
| 4.5.3 Frábrigði, úrbætur og forvarnir | S X | S X | S | | |
| 4.5.4 Stýring skráa | S X | S X | - | | |
| 4.5.5 Innri úttekt | S X | S X | S | | |
| 4.6. Rýni stjórnenda | S X | S X | S | | |
| Notkun vottunarkerkis iCert | E - | E E | S | | |
| Viðbrögð við ósamræmi í fyrri úttektum | E - | A X | S | | |
| Breytingar | E - | A X | S | | |
| Úttekt framkvæmd dags. | 24/1/22 | 20 og 22/4/22 | 4/4/23 | x/x/24 | |
| Fj. daga effir endurskoðun úttektartíma (dagar) | 1 | 1,5 | 1 | 1 | |

| Úttektaráætlun Tilv.nr.: iCe191210_JK Fyrirtæki/stofnun: SHR Úttektarviðmið: Kröfur ÍST 85:2012 og innri kröfur jafnlaunakerfis Umfang úttekta: Öll starfssemi | FÚ | VÚ | Við 1. ár | Við 2. ár | Athugasemdir |
|--|----|----|-----------|-----------|--------------|
| Skýringar: S = Skipulagt A = Athuga ef um breytingar er að ræða X = Skoðað E = Á ekki við | | | | | |